

Að þýða bundið mál Shakespeares fyrir leiksvið

Hér á eftir er ætlun mín að fara nokkrum orðum um sumar þær Háskoranir sem ég stóð frammi fyrir þegar ég þýddi leikrit Williams Shakespeares *Ríkharð III* að beiðni Borgarleikhússins, en uppsetning verksins var jólasýning leikhússins árið 2018. Rétt er að taka fram að sá texti sem Borgarleikhúsið fól mér að þýða var ný gerð af leikriti Shakespeares sem Brynhildur Guðjónsdóttir, leikstjóri sýningarinnar, og Hrafnhildur Hagalín dramaturg höfðu mótað. Til hliðsjónar við vinnu mína hafði ég útgáfur af verkinu í heild en minn frumtexti var handrit þar sem Brynhildur og Hrafnhildur höfðu stýtt verkið og umræðað ýmsu í textanum. Mér fannst strax frá upphafi sýn Brynhildar og Hrafnhildar á verkið mjög áhugaverð og hin nýja gerð þeirra vel heppnuð. Þær vildu leggja áherslu á þátt kvenna í sögunni um Ríkharð og höfðu fellt út ákveðna hluta verksins, stýtt kafla, strikað út braglínur og hluta úr braglínunum og fært texta á milli persóna. Síðast en ekki síst höfðu þær gefið Elísabetu, bróður-dóttur Ríkharðs, rödd en hún skiptir máli í leikriti Shakespeares þótt hún sé ekki ein af persónum verksins og aðeins sé vísað til hennar í samtölum annarra. Í uppsetningu Borgarleikhússins birtist hún á sviðinu og henni er lagður í munn texti frá öðrum persónum. Það gefur því auga leið að ef þýðing mín er borin saman við frumtexta Shakespeares kemur fljótt í ljós að ýmislegt vantar í íslenska textann og eins að í þýðingunni skjóta setningar skáldsins upp kollinum á stöðum þar sem þær er ekki að finna í frumtextanum.

Á þeim rúmlega tuttugu árum sem ég hef fengist við að þýða leikrit hef ég fyrst og fremst þýtt leikrit nútímahöfunda sem gerast í

samtímanum, ef undan er skilið *The Crucible* eftir Arthur Miller sem ég nefndi *Eldraunina* og var leikið í Þjóðleikhúsinu árið 2014, en það verk gerist á sautjándu öld. Þýðing *Ríkbarðs III* er því ólík öðrum verkefnum sem ég hef glímt við. Meginmunurinn liggur vitaskuld í þeim áskorunum sem fylgja því að þýða leiktexta á bundnu máli. Í þeirri vinnu nýttist mér vel að ég hef töluverða reynslu af því að yrkja á bundnu máli og ég hef sent frá mér ljóðabækur með háttbundnum kvæðum.

Þýðing bundins máls á erlendri tungu yfir á bundið mál á íslensku, í samræmi við íslenska braghefð, kallar á að þýðandinn einbeiti sér að því að fanga kjarnann í hugsun höfundarins. Slík þýðing er alltaf að talsverðu leyti endursköpun. Þýðandinn þarf óhjákvæmilega að enduryrkja frumtextann, ef svo má að orði komast, til að mæta kröfum formsins. En um leið finnst mér skipta miklu máli að vera hugsun skáldsins trúr, nálgast texta höfundar af virðingu og ákveðinni auðmýkt. Hið bundna mál setur þýðandanum vissulega skorður, en ekki má gleyma því að sá bragarháttur sem skáldið sjálft beitti setti því líka skorður á sínum tíma. Auðvitað var Shakespeare ekki alveg frjálst þegar hann orðaði hugsanir sínar heldur varð hann að fella þær að bragarhættinum. Orðnotkun hans stjórnast af forminu að ákveðnu leyti. Ég hef stundum leyft mér að nota þá líkingu að þýðandinn verði að leysa hugsun skáldsins undan bragformi frumtextans og fella hana að bragformi þýðingarinnar.

Ég reyndi að hafa að leiðarljósi hvaða áhrif Shakespeare virtist vilja að setningarnar í leikritinu hefðu. Hvað eru þessar persónur í rauninni að hugsa þegar þær mæla fram orð sín? Hvað ætla þær sér? Hver er kjarninn? Þannig reyndi ég að vera skáldinu trúr, þótt ég þyrfti eins og áður segir að enduryrkja texta þess til þess að mæta kröfum hins bundna máls og íslenskrar braghefðar.

Um bragarhátt þýðingarinnar ritaði ég grein í leikskrá sýningarinnar sem síðan birtist sem eftirmáli þegar þýðingin var gefin út á bók og langar mig hér að tilfæra helstu atriði þeirrar umfjöllunar minnar.¹ Bragarhátturinn sem Shakespeare beitir oftast í *Ríkbarði III* nefnist *blank verse* á ensku og hefur verið kallaður stakhenda á íslensku. Í stakhendu Shakespeares telur hver lína tíu eða ellefu at-

1 William Shakespeare, *Ríkbarður III*, íslensk þýðing: Kristján Þórður Hrafnsson. Borgarleikhúsið, Reykjavík 2019.

kvæði, skiptist í fimm stígandi tvíliði og hefur oft áherslulausa endingu á eftir síðasta risi. Stundum vikuur skáldið frá þessu og fækkar bragliðunum í hverri línu, t.d. niður í þrjá. Bragarháttur þýðingarinnar má kallast íslenskt afbrigði af bragarhætti Shakespeares. Munurinn felst til dæmis í því að í þýðingunni er beitt stuðlasetningu samkvæmt íslenskri braghefð. Reglulega stuðlasetningu er ekki að finna í texta Shakespeares, ólíkt því sem tíðkast í bundnu máli á íslensku. Sú hefð hefur aftur á móti skapast að þegar bundið mál á erlendri tungu er þýtt yfir á bundið mál á íslensku notast þýðendur við stuðlasetningu samkvæmt okkar aldagömlu braghefð. Í þýðingunni er hver braglína sérstuðluð, þ.e.a.s. hver braglína hefur tvo stuðla en er ekki tengd við næstu braglínuna á eftir með höfuðstaf. Slík stuðlasetning er algeng í íslenskum þýðingum á leikritum á bundnu máli og hafa fyrri þýðendur Shakespeares, t.d. Helgi Hálfðanarson og Þórarinn Eldjárn, gjarnan notað hana. Annar munur á frumtextanum og þýðingunni er sá að Shakespeare notar stígandi tvíliði í braglínunum sínum, en í íslenska textanum er notast við hnígandi tvíliði, og stundum hnígandi þríliði. Ástæðan fyrir þessu er áherslulögmál íslenskunnar. Ýmsir bragfræðingar hafa bent á að vegna þess að í íslensku er þyngsta áherslan alltaf á fyrsta atkvæði orðs, sé í raun ekki rétt að gera ráð fyrir stígandi bragliðum í bundnu máli á íslensku. Eðlilegra sé að líta svo á að braglínur á íslensku byggist á hnígandi bragliðum, en geti hafist á forlið eða forliðum án áherslu. Í þessari þýðingu er tvíliðurinn ríkjandi en stundum er blandað saman tvíliðum og þríliðum í sömu braglínunni. Það stílbragð að nota þannig ýmist tvílið eða þrílið er í samræmi við íslenska braghefð og hafa mörg okkar helstu skáld beitt því markvisst í ljóðum sínum, svo sem Einar Benediktsson, Tómas Guðmundsson, Jón Helgason, Steinn Steinarr og fleiri. Helgi Hálfðanarson og Þórarinn Eldjárn nota líka stundum þríliði í Shakespeareþýðingum sínum, þótt tvíliðurinn sé þar ríkjandi. Af notkun þríliðarins í þýðingu minni leiðir að braglínur hennar hafa gjarnan fleiri atkvæði en braglínur frumtextans, þótt bragliðafjöldinn sé yfirleitt sá sami. Hvað það varðar er fylgt fordæmi sem skapast hefur en mörg dæmi eru um ólíkan atkvæðafjölda í braglínunni þegar bundnu máli á erlendri tungu er snúið á bundið mál á íslensku. Braglínur Shakespeares í *Ríkharði III* ríma yfirleitt ekki en öðru hverju beitir skáldið þó rími til þess að gefa

orðunum aukinn áhrifamátt. Í þýðingunni er það viðmið ríkjandi að ríma þegar Shakespeare rímar.

Við vinnu mína var ég alltaf meðvitaður um það að ég væri að þýða texta til flutnings í leikhúsi en ekki texta til lestrar af bók. Í leikhúsinu hefur áhorfandinn aðeins augnablikið sem setningin hljómar til þess að ná merkingunni. Þegar augnablikið er liðið hljómar næsta setning og svo koll af kolli. Í leikhúsinu er einfaldlega ekki hægt að staldra við, fletta til baka og lesa aftur. Ég reyndi því að hafa textann skýran. Þýðingin er með öðrum orðum sérstaklega hugsuð til þess að vera leikin og þjóna sviðsetningu Brynhildar Guðjónsdóttur, þótt Borgarleikhúsið hafi svo nokkru eftir frumsýningu gefið textann út á bók.

Með þýðingu minni á *Ríkharði III* leitast ég við að fylgja ákveðinni hefð sem skapast hefur hvað varðar þýðingar á bundnu máli á erlendri tungu yfir á bundið mál á íslensku, og á ég þá ekki aðeins við bundið mál í leikhúsi heldur ljóðþýðingar almennt. Af þeim sem varðað hafa veginn og ég leyfi mér að líta á sem nokkurs konar lærimeistara vil ég nefna Magnús Ásgeirsson, Jón Helgason, Helga Hálfðanarson og Þórarin Eldjárn. Helgi Hálfðanarson hefur vissulega ákveðna sérstöðu sökum allra Shakespeareþýðinga sinna sem eru mikið þrekvirki. Ég hef stundum verið spurður að því hvernig tilfinning það sé að þýða að nýju verk sem annar þýðandi, afar mikilsvirtur, hefur þýtt. Í því sambandi langar mig að vísa til orða míns gamla kennara úr Háskóla Íslands, Ástráðs Eysteinsonar bókmenntafræðings, í viðtali við *Morgunblaðið* 29. janúar árið 2018 þar sem hann talar um það að þýðandinn sé í svipuðu hlutverki og tónlistarmaður sem túlki verk annarra. Og mig langar að bæta því við orð Ástráðs að ný túlkun á lagi, ný útsetning, þarf ekki á nokkurn hátt að vera vanvirðing við eldri útsetningar. Hver söngvari eða hljóðfæraleikari hefur sinn stíl og vill kannski gera hlutina eftir sínu höfði án þess að með túlkun sinni vilji hann á nokkurn hátt gera lítið úr túlkun þeirra sem á undan komu. Hin nýja túlkun er einfaldlega öðruvísi. Ég lít svo á að hver ný þýðing sé í rauninni ný túlkun. Og ég held að það sé mikilvægt að við umgöngumst meistaraverk klassískra leikbókmennta af virðingu og trúmennsku, en einnig eins og lifandi efnivið sem gefur ólíkum listamönnum tækifæri til að túlka og skapa á ólíkan hátt.